

Hönnunarsamkeppni um húsgögn í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsið í Reykjavík

Fyrirspurnir og svör

14 September 2010 15:44

Í framhaldi af þessum upplýsingum langar mig að spyrja um það hvort að hægt sé að fá gögn um hönnunarsamkeppnina á ensku eða einhverju norðurlandamálana?

Svar: Samkeppnisreglurnar eru ekki til á öðru tungumáli en íslensku og verða ekki þýdd.

14 September 2010 15:54

Þýðir það það að öðrum en Íslendingum verður óheimilt að taka þátt?

Svar: Nei svo fremi sem þeir vinni eftir reglunni um að starfa með innlendum framleiðendum.

19 September 2010 20:29

Ég er auk þess með eina fyrirspurn varðandi framhliðar á borð. Hver er stærð og lögun þessara borða?

Svar: Reiknað er með að á bakvið framhliðar verði stöðluð ráðstefnuborð sem gætu verið 140-180 sm löng. Litur og efni verða valin síðar og í samræmi við vinningstillögu.

20 September 2010 09:46

Einnig er tekið fram efst á síðu 4 í samkeppnisreglunum að hönnunin skuli passa í lyftur hússins. Hversu stórar eru þær lyftur?

Svar: Reiknað er með að húsgögnin komist inn í lyftur sem geta tekið hluti allt að 180sm að lengd. Breidd fari ekki yfir 90sm.

20 September 2010 09:52

Ég er með eina fyrirspurn, hvort nemi, sem kláraði BA í arkitektúr síðastliðið vor, meigi taka þátt í samkeppninni?

Svar: Samkeppnin er opin fyrir alla arkitekta og hönnuði, sama hversu langt er síðan þeir luku námi.

21 September 2010 07:17

Ég er með eftirfarandi spurningar varðandi samkeppni um húsgögn í Hörpu.

BEKKIR

a. Það er talað um hægt sé að flytja húsgögn milli hæða í lyftu. hversu stór er sú lyfta.?

Svar: Reiknað er með að húsgögnin komist inn í lyftur sem geta tekið hluti allt að 180sm að lengd. Breidd fari ekki yfir 90sm.

b. varðandi hönnun bekkjanna þá er sagt : Nauðsynlegt er að gestir geti lagt frá sér glös og diska !

Á að gera ráð fyrir því á bekkjunum.?

Svar: Já það er reiknað með því að yfirborð bekkjana bjóði upp á að hægt sé að leggja frá sér glös og diska.

c. beðið er um að bekkirnir séu einnig útfærðir fyrir börn. Fyrir hvaða aldurshóp.?

Svar: Miða skal við að hæð bekkja fyrir börn sé um það bil 38 sm.

FRAMHLIÐAR Á FÆRANLEGA BARI – FÆRANLEG HÁ BORD Í ALMENNINGSRÝMI.

d. hversu stórir eru þessir barir. Er hægt að nálgast teikningar af þessum börum?

Svar: Við erum fyrst og fremst að leita að hugmyndum að útliti sem síðan yrði aðlagað að þeim einingum sem verða valdar. Við erum að leita að útliti á framhliðar og gafla en ekki að sjálfri innréttingu barsins.

RÆÐUPÚLT

e. Það er tekið fram innan sviga, að hluti af merki hörpu sé eins í bæði íslensku og ensku.

Er óskað eftir því að útfærslan sé miðuð við þessa staðreynd?

Svar: Já þess er óskað.

f. Hversu margar tillögur má senda inn af hverju ítemi fyrir sig? Má til að mynda koma með tvær tillögur af bekkjum? og tvær tillögur af framhliðum fyrir bari.?

Svar: Já, hönnuður má skila inn fleiri en einni tillögu og þá sem sér innsendingu.

21 September 2010 10:50

Hér koma nokkrar spurningar vegna hönnunarsamkeppninar í Hörpu.

Er Harpan með nægilegt geymslupláss fyrir húsgögnin sem við erum beðin um að hanna? Hversu mikilvægt er að það sé hægt að stafla, brjóta saman húsgögnin þegar þau eru geymd.

Svar: Hagkvæmt verður að vera að koma húsgögnum fyrir milli þess sem þau eru í notkun.

Þarf að gera ráð fyrir rafmagni í ræðupúltinu? eða er það eitthvað sem farið verður að útfæra eftir að það sé búið að velja tillögu?

Svar: Já gera skal ráð fyrir rafmagni og að pláss sé fyrir fartölvu og önnur gögn.

Hver er stærðin á lyftunni sem er notuð til að færa húsgögnin á milli hæða?

Svar: Reiknað er með að húsgögnin komist inn í lyftur sem geta tekið hluti allt að 180 sm að lengd.

Breidd skal ekki fara yfir 90 sm.

Þarf að gera ráð fyrir að ræðupúltið sé aðgengilegt fyrir fatlaða?

Svar: Það væri æskilegt. Bent er á að beðið er um tvær stærðir og þá gæti verið hentugt að t.d. minna ræðupúltið hentaði fyrir hjólastóla.

21 September 2010 11:33

Ég er með tvær fyrirspurnir varðandi samkeppnina í Hörpu.

1. Ráðstefnusalur: Er vitað úr hvaða efni útdraganlegu bekkirnir eru? Eins í hvaða lit þeir verða?

Svar: Svart efni á setu og baki.

2. Lyftur: Hvert er innanmál þeirra?

Svar: Reiknað er með að húsgögnin komist inn í lyftur sem geta tekið hluti allt að 180 sm að lengd.

Breidd skal ekki fara yfir 90 sm.

21 September 2010 12:36

Getur þú vinsamlega sent mér eftirfarandi:

- Áætlaðan fjölda sæta sem ná á með bekkjum í almenningsrými sem og skiptingu, þ.e. börn / fullorðnir.

Svar: Upplýsingar um áætlaðan fjölda liggja ekki fyrir.

Upplýsingar um stærð færanlegra bara.

Svar: Upplýsingar um stærðir liggja ekki fyrir, en þeir komist inn í lyftur sem geta tekið hluti allt að 180cm að lengd.

Endanleg útfærsla unnin í samráði við veitingaðila.

Merki Hörpu ásamt nafni hússins á íslensku og ensku á pdf sniði í réttum hlutföllum fyrir ræðupúlt og ráðstefnuborð.

Svar: Merki hússins á pdf-sniði er hægt að fá sent frá trúnaðarmanni keppinnar.

Upplýsingar um efnislega útfærslu á merki og nafni hússins fyrir ræðupúlt og ráðstefnuborð (þ.e. ál, stál, viður o.s.frv...?)

Svar: Ál.

Stærð ráðstefnuborðanna sem hanna á framhliðir á.

Svar: Reiknað er með að á bakvið framhliðar verði stöðluð ráðstefnuborð sem gætu verið 140-180 sm löng.

Upplýsingar um útfærslu ráðstefnuborðanna með tilliti til mögulegra festinga fyrir framhliðar sem og úr hvaða efni þau verða.

Svar: Reiknað er með að á bakvið framhliðar verði stöðluð ráðstefnuborð sem gætu verið 140-180 sm löng. Litur og efni verða valin síðar.

Hvort gera eigi ráð fyrir einhverjum tækjabúnaði í ræðupúltum (stærri - minni).

Svar: Já gera skal ráð fyrir rafmagn og að pláss sé fyrir fartölvu og önnur gögn.

21 September 2010 13:42

Hvert er vægi einstakra hluta sem á að hanna í prósentum af heild og hvert er vægi framleiðslukostnaðar ?

Svar: Ekki skilgreint af dómnefnd. Dómnefnd skoðar innsendingar sem heild. Vægi framleiðslukostnaðar er ekki skilgreint hlutfall heldur byggir dómnefndin á huglægu mati sínu á gæðum og verði. Ef valið stendur á milli tveggja, eða fleiri, framúrskarandi hugmynda mun hugmynd sem þykir óhóflega dýr standa höllum fæti.

21 September 2010 15:25

Er hægt að sjá gula glerið einhversstaðar sem nota á í miðasölunni og staðsettu börunum? Er til einhver litakódi yfir hann?

Svar: Gula glerið er sem næst lit: NCS 1050Y10R

2. Hvaða litir eru í lógóinu.

Svar: Litirnir sjást í lógóinu sem eru hluti af samkeppnisgögnum.

22 September 2010 08:59

1. Litir og efni á húsgögnum sem fylgja bar og veitingarstað?

Svar: Ekki liggur fyrir ákvörðun og ætlunin er að þau húsgögn sem valin verða til framleiðslu eftir samkeppni verði höfð til hliðsjónar við val á þeim búnaði.

2. Er hægt að fá logo í vector formi?

Svar: Já hægt er að nálgast þau hjá trúnaðarmanni.

3. Hvaða leturgerð er notuð í logo-inu?

Svar: Leturgerðin er Gotham Light í grunninn (Harpa) en Galaxie Polaris Medium í undirskriftinni.

4. Eru til Renderingar án fólks og húsgagna?

Svar: Nei þær eru ekki til.

5. Eru engar Renderingar til með tilteknu Exhibition area?

Svar: Nei þær eru ekki til.

22 September 2010 10:58

Af gefnu tilefni þar sem úrslit í samkeppni arkitekta var nýlega kærð vegna vinnutengsla tillöguhafa og aðila í dómnefnd, þá viljum við gera fyrirspurn vegna samkeppni um húsgögn í Hörpu.

Við erum húsgagna og innanhússarkitektar og höfum verið í samstarfi við Kartínu Ólínu Pétursdóttur sem er í dómnefnd. Við höfum fengið hana til þess að sjá um að útfæra grafík í verkefni sem höfum unnið.

xxx, 2006.

xxx, 2007.

xxx, 2007.

Auk þess 2 minni verkefni á sama tímabili.

Við viljum fá úr því skorið hvort þið gerið athugasemdir vegna þessara tengsla eða ekki.

Svar: Allar tillögur eru sendar inn undir dulnefni og engin leið að vita hver höfundur tillögu er fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir í keppninni. Auk þess er það langt um liðið frá samvinnu þessara aðila að ekki verður séð að nein tengsl séu enn þar á milli, sem valdið getur vanhæfi.

22 September 2010 11:01

Hvernig á þessun að vera háttað með bekkina og frálegg fyrir veitingar, er hugsunin að það séu áföst borð á bekkjunum eða mega þetta vera stök borð ?

Svar: Ekki skal gert ráð fyrir lausum borðum við bekkina.

22 September 2010 11:15

Hæð og breidd á lyftuopum ?

Lengd og breidd á lyftum ? (innanmál)

Svar: Reiknað er með að húsgögnin komist inn í lyftur sem geta tekið hluti allt að 180 sm að lengd. Breidd fari ekki yfir 90 sm.

Eru sérstakar þjónustulyftur, ef svo er get ég fengið þessi mál á báðum gerðum af lyftum í húsinu ???

Svar: Reiknað er með að húsgögnin komist inn í lyftur sem geta tekið hluti allt að 180 sm að lengd. Breidd fari ekki yfir 90 sm.

22 September 2010 11:29

Það getur verið erfitt að skilgreina þóknun hönnuða og framleiðenda fyrir verk sem eftir er að þróa í samstarfi við verkkaupa. Þar eru margir óvissuþættir. Er verið að biðja um tímagjald hönnuða og kostnaðaráætlun framleiðenda eða er verið að biðja um heildarverð fyrir hönnun og framleiðslu?

Svar: Hér er verið að biðja um heildarverð fyrir hönnun og framleiðslu.

Er æskilegt að húsgögn og búnaður sé stafanlegur?

Svar: Það þarf að vera hagkvæmt að geyma húsgögn og búnað.

Hver er stærð lyftuvagna sem flytja eiga húsgögn og búnað?

Svar: Reiknað er með að húsgögnin komist inn í lyftur sem geta tekið hluti allt að 180sm að lengd. Breidd fari ekki yfir 90sm.

22 September 2010 11:31

Sendi þér hér með eftirfarandi fyrirspurnir:

1. Verðlaunaféð virðist heldur rýrt. Hvers vegna eru ekki höfð önnur og þriðju verðlaun eins og venja er í samkeppnum? Það yrði vafalaust mörgum hvatning til þátttöku og gæfi verkkaupa fleiri valmöguleika.

Svar: Það er ekki dómnefndar að svara þessu.

2. Í samkeppnislýsingu, undir skilyrði, er talið mikilvægt að hönnuðir séu í samstarfi við framleiðanda/framleiðendur í hönnunarferlinu. Á Íslandi eru afar fáir framleiðendur sem geta sinnt svona verkefni. Sér dómnefnd fyrir sér að þessir fáu framleiðendur verði í samstarfi við marga hönnuði í samkeppnisferlinu eða sér hún fyrir sé takmarkaðan hóp hönnuða sem hver og einn er í samstarfi við einn framleiðanda?

Svar: Dómnefnd telur að framleiðendur geti komið að fleiri en einni hönnun, fullviss þess að þeir gæti fyllsta trúnaðar við samstarfsaðila sína.

22 September 2010 11:50

Er hægt að fá nánari upplýsingar um stærðir á færanlegum börum og háum borðum?

Svar: Reiknað er með að húsgögnin komist inn í lyftur sem geta tekið hluti allt að 180sm að lengd. Breidd fari ekki yfir 90sm.

22 September 2010 13:05

Ertu með einhver litanúmer , td af litunum í glerinu?

Svar: Gula glerið er sem næst lit: NCS 1050Y10R

Litaða glerið í glerhjúpunum er breytilegt eftir sjónarhorni og spannar allt litrófið.

22 September 2010 13:42

Ráðstefnuborð, er hægt að fá nánari útlistun á stærð, hæð og formi?

Svar: Reiknað er með að á bakvið framhliðar verði stöðluð ráðstefnuborð sem gætu verið 140-180 sm löng. Litur og efni verða valin síðar.

22 September 2010 13:58

Sæll, nokkrar fyrirspurnir tildómnefndar:

Í skjalinu „ samkeppnisreglur „ stendur á blaðsíðu 7 undir „ keppnistillögur og skil gagna „ að skila skuli „ upplýsingum um framleiðsluaðferð og kostnað hvernar einingar að meðtaldri þóknun hönnuða. (á A4-blaði).“ Á þetta A4-blað að vera á A2-blöðunum (það er samkeppnistillögunni) eða á A4-blaðið að vera í umslaginu með nafni höfundar og framleiðanda?

Svar: Þetta blað á að fylgja stakt með innsendingunni (má vera í umslagi ef vill).

Kostnaður hvernar einingar: Er beðið um kostnað vegna eins eintaks eða meðalverð miðað við fjöldaframleiðslu?

Svar: Kostnað vegna eins eintaks.

Má skilgreina þóknun hönnuðar sér, það er að segja eintak + þóknun = heildarkostnaður? Ef svo er, á að skilgreina þóknun í krónum eða í % ?

Svar: Já það má. Heildarkostnaður er í krónum – þóknun má vera hlutfall af kostnaði.

Er uppgefinn kostnaður bindandi tilboð?

Svar: Uppgefinn kostnaður er leiðbeinandi

Er uppgefin þóknun í krónum per einingu bindandi? Það væri æskilegt ef það mætti gefa upp þóknun í %?

Svar: Það má gefa þóknun upp sem hlutfall af heildarkostnaði sem gefin er upp í krónum.

Eins og fram kom á kynningarfundinum í Þjóðminjasafninu þá virðist íslenskukunnátta eins dómara vera frekar takmörkuð. Getur hann lesið umbeðna greinargerð sem fylgir keppnistillögu?

Svar: Já

Er hægt að fá nánari lýsingu á sjálfum börnunum (hæð, breidd og dýpt, hæð frá gólfi, efnisval og litir)? Beðið er um „ einingar sem festa má framan á og á hliðar barborða. „ En ekki að neðan, að ofan og að aftan?

Svar: Nei – beðið er um framhliðar og endaeiningar. Leitað er eftir útliti en ekki hönnun innréttingar. Miða skal við að lengd sé ekki meiri en 180 sm og breidd ca. 60 sm

Hvar verða bekkir fyrir börn staðsettir?

Svar: Aðallega á 1. hæð

Færanleg borð í almenningsrymi: Er gerð krafa um að hægt sé að stafla þessum borðum?

Svar: Hagkvæmt verður að vera að geyma borðin þegar þau eru ekki í notkun

Beðið er um afstöðumynd í kvarða: Á til dæmis að sýna á afstöðumynd alla þá staði í húsinu þar sem hugsanlega væri hægt að koma fyrir bekkjum?

Svar: Ekki er nauðsynlegt að sýna alla staði í húsinu. Fyrst og fremst er verið að horfa til að hönnuður velji stað og sýni þar mismunandi möguleika á notkun.

22 September 2010 15:46

1. Beðið er um framhliðar á færanlega bari.

a. Er stuðst við einhverjar stærðið hvað einingarnar vaðar?

Svar: Miða skal við að lengd sé ekki meiri en 180 sm og breidd ca. 60 sm

b. Er vitað nánar hvað einingarnar innihalda?

Svar: Nei en gert er ráð fyrir samstarfi við veitingaaðila í framleiðsluferlinu

2. Beðið er um framhliðar á ráðstefnuborð
a. Hverjar eru stærðir á ráðstefnuborðanna?

Svar: Þetta gætu verið stöðluð ráðstefnuborð á stærðarbilinu 140-180 sm x 80

22 September 2010 16:16

Er einhver stærð(málsetning) á þessum færnanlegu börum ?

Svar: Gera skal ráð fyrir að einingar komist in í lyftur sem taka allt að 180sm lengd. Miða skal við að lengd sé ekki meiri en 180 sm og breidd ca. 60 sm

Sama spurnig í sambandi við veitingaborð og ráðstefnuborð.

Svar: Þetta gætu verið stöðluð ráðstefnuborð á lengdarbilinu bilinu 140-180 sm.

Sama stærð á við um veitingaborðin.

22 September 2010 22:54

Hvaða innanmál og dyramál eru á þeim lyftum sem ætlast er til að búnaður passi í? Er hugsanlegt að nota vörulyftu?

Svar: Gera skal ráð fyrir að einingar komist inn í lyftur sem taka allt að 180 sm lengd.

Breidd skal ekki vera meiri en 90sm.

Tillögur verða metnar eftir hönnun, gæðum og verði. Skila skal upplýsingum um kostnað hvernar einingar. Fjöldi eininga getur haft áhrif á verð. Er hægt að gefa upp einhverjar viðmiðunartölur um fjölda eininga (sætafjölda eða hlutfall gesta sem sitja)?

Svar: Miða skal við verð einnar einingar.

22 September 2010 22:57

Úr hvaða efni og í hvaða lit eru ráðstefnuborðin sem hanna á framhliðarnar fyrir?

Svar: Þetta gætu verið stöðluð ráðstefnuborð á stærðarbilinu 140-180 sm, litur liggur ekki fyrir.

Hvernig eru veggirnir í ráðstefnusölunum - þar sem ræðupúltin eiga að vera, þ.e.a.s. hvaða litur, áferð, efni?

Svar: Fjólublátt og grátt eru litir rástefnu og æfingarsalarins. Fjórdi salurinn er gulur og grár. Og veggir tónleikasalarins eru rauðir.